



Vísitala og vinnulaun 25. nóvember 1952 o.fl.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-16, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Vísitala og vinnulaun

Hinn 15. nóvember síðastliðinn afhenti samninganefnd hinna 56 verkalyðsfélaga, sem sagt hafa upp samningum við atvinnurekendur frá 1. desember að telja, kröfur sínar og greinargerð fyrir þeim. Í greinargerðinni er farið rangt með ýmsar staðreyndir, og verða sumar þeirra leiðréttar hér á eftir. Auk þess eru settar fram skoðanir í greinargerðinni, sem verða gagnrýndar hér á eftir.

Síðan 1939 hafa breytingar á kaupgjaldi að talsverðu leyti verið tengdar breytingum á vísitölu framfærslukostnaðar, og hefir petta verið samkvæmt fyrirmælum löggjafarvaldsins, og oftast samkvæmt ósk launþegasamtakanna.

Það er augljóst að þegar málum hefir verið þannig skipað, þá verður það sér í lagi árfiðandi, að framfærsluvísitalan sýni sem réttast þær breytingar, sem verða á því verölagi, sem skiptir mestu máli fyrir launþegana. Áhugi manna fyrir breytingum á vísitölu framfærslukostnaðar hefir þess vegna sifelt farið vaxandi. Menn láta iðulega í ljós þá skoðun, að eitthvað sé bogið við vísitoluna, jafnvel að hún sé fölsuð á einhvern hátt, sýni hún aðrar breytingar á verölinu en menn hafa hugboð um eða telja sér hagkvæmt. Í greinargerðini segir að það verði að telja það "þyggjandi staðreynd að vísitalan sýni hvergi nærri rétta mynd af aukningu dýrtíðarinnar."

Réttasta vísitala framfærslukostnaðar - og um leið sú skiljanlegasta - mundi vera sú vísitala, sem næði til allra hluta, sem launþeginn kaupir, og verð á hverjum hlut í vísitalan miðaðist við það magn vörunnar, sem launþeginn kaupir. En verða strax erfiðleikar. Launþegarnir kaupa ekki allir sá smekkur manna er misjafn og neyzluvenjur ólíkar. Það liggum uppi, að í reyndinni verður að velja úr tilteknar vísitalan.

fyrst og fremst algengustu vörurnar, svo sem matvæli, klæðnað, húsnæði og þess háttar. Eigi vísitalan að ná til mjög margra hluta, þá verður að taka fjölda margar vörutegundir innan hvers vöruflokks, sem er mjög erfitt verk og kostnaðarsamt, og - eins og við munum sjá - óþarf i reyndinni.

Venjan er að styðjast við búreikninga til þess að finna út hvaða hluti neytandinn kaupir og í hvaða hlutföllum. En sú þekking, sem þannig fast, getur aldrei verið fullkommen.

I frammáli er vísitölugrundvöllurinn aldrei annað en úrval eða sýnishorn þess varnings eða þeirra hluta, sem launþeginn kaupir. Þegar verðlag þessa varnings, sem tekinn er í vísitölugrundvöllinn, hækkar um 1%, þá er launþeganum borguð 1% uppbót, ekki aðeins á þann hluta teknanna, sem hann eyðir í bennan varning, sem er í vísitölugrundvellinum, heldur á allar tekjurnar. Vísitalan er þannig hugsuð og þannig útbúin, að hún á að vera gott sýnishorn af þeim vörum, sem skipta máli fyrir launþegann. Að þessu leyti er það ekki áriðandi hvort grundvöllurinn er stór eða lítill, þó líklegt sé að vísitalan sé betri mælikvarði á breytingarnar, ef grundvöllurinn er stór, en ef hann er lítill. Ef grundvöllurinn er vel valinn, þá getur hann sýnt eins vel breytingarnar á verðlaginu á þeim vörum, sem ekki eru í vísitölunni, þótt hann sé lítill. Aðalatriðið er það, að kaupgreiðsla samkvæmt breytingum á vísitölu, byggir á þeirri forsendu, að þær vörur, sem ekki eru í vísitölunni breytist í verði á sama hátt og þær vörur, sem eru í vísitölunni. Þetta er kjarni málssins. Verkamaðurinn eða launþeginn fær uppbót á allt kaupið, eins og ef allt, sem hann kaupir, hækkaði í verði jafnmikið og þær vörur, sem eru í vísitölunni.

Núverandi vísitölugrundvöllur byggist á búreikningum, sem kauplagsnefnd fekk um 50 fjölskyldur í Reykjavík til að halda árið 1939. Útreikningarnir voru gerðir af Hagstofunni. Sjálfum vís-

tölugrundvellinum hefir ekki verið raskað síðan. Framfærsluvísitalan er mjög víðtæk. Vísitöluupphæðin er mjög svipuð því, sem mundi vera meðaltekjur hjá verkamannafjölskyldu, ef verkamaðurinn hefir atvinnu nokkurnveginn allt árið. Vegna þess hve langur tími er liðinn, þá munu flestir menn nú sammála, að kominn sé tími til að endurskoða grundvöllinn, vegna hugsanlegra breytinga á neyzluvenjunum. Hefir kauplagsnefnd síðla endurskoðun í undirbúningi.

Næst er það atriði, á hvern hátt verðið er tekið í hverju tilfelli. Í þessu sambandi voru um tíma gerðar ráðstafanir, sem má með réttu gagnryðna, en þær voru allar gerðar fyrir gengislækkunina í mars 1950.

Í upphafi stríðsins var sett húsaleigulöggjöf. Við útreikning vísitölunnar var sú leiga á húsnæði tekin, sem var undir húsaleigulögunum. Hinsvegar var byggt allmikið af nýjum húsum. Í nýju húsum var húsaleiganmíklu hærrí heldur en í hinum eldri. Myndaðist því tvenns konar verölag. Það verð, sem tekið var í vísitöluna, var í rauninni aðeins verð á þeim hluta húsnæðisins, sem var undir húsaleigulögunum. Þá var einnig um hrifð tekið í vísitöluna verð á kjöti, sem fundið var með því að telja opinberan styrk niðurgreiðslu á kjötverði.

Betta tvennt mætti e.t.v. kalla "fölsun", en hvorttveggja var gert fyrir opnum tjöldum með lögum frá Alþingi. Breytingarnar, sem löggjafinn gerði á vísitölunni voru ræddar á Alþingi. Þær voru auglýstar í blöðum og útvarpi, stjórnarflokkarnir stóðu að þeim hverju sinni. Það var á engan hátt farið á bak við þjóðina. Breytingunum réðu þeir pólitísku flokkar, sem stóðu að ríkisstjórninni hverju sinni, en á því tímabili, sem um er að reða, hafa allir flokkarnir átt fulltrúa í ríkisstjórn.

Þó að vísatalan, sem hinar mánaðarlegu breytingar á kaup-

gjaldi miðuðust við, væri lægri heldur en sem svaraði til raunverulegra breytinga á framfærslukostnaðinum, þá urðu aðrar breytingar á kaupgjaldi petta tímabil, sem gerðu langtum meira heldur en að vega upp það sem má segja að hafi vantað á visitöluna vegna aðgerða löggjafans. Petta sést af því, að kaupgjaldið hækkaði langt um meir heldur en verölagið petta tímabil.

Haustið 1948 skipaði Alþýðusamband Íslands og BSRB nefnd til að athuga þróun launakjara undanfarin ár. Í útreikningum, sem sýna áttu þróun kaupmáttar launanna, komst Jónas Harals hagfræðingur að þeirri niðurstöðu, að "skekkjan" í visitölunni stafaði nær eingöngu af húsaleigunni og kjötverðinu (þótt kjararýrnunin væri hvergi nærri fyllilega sýnd með henni, vegna vöruskorts og svartamarkaðsverðs). Með gengislækkunarlögunum voru þær breytingar gerðar á visitölunni, að reiknað var nú með því kjötverði, sem neytendur raunverulega greiddu sömuleiðis húsaleigu í húsum tekin í notkun eftir árslok 1945. Hvort-tveggja breytingin var því leiðréttинг, sem hafði það í för með sér að visitalan sýndi á eftir réttari mynd af breytingum á verölaginu, þ.e. frá og með apríl 1950. Hin nýja visitala sýndi breytingarnar, sem áttu sér stað eftir gengislækkunina réttar heldur en eldri visitalan myndi hafa gert. Enginn ber á móti því að breytingarnar á visitölunni væru leiðréttингar en ekki "falsanir". Enda er hún réttasta framfærsluvísitalan, sem hér hefir verið seinustu tíu árin. Þessar breytingar á útreikningnum höfðu engin áhrif á verölagið í landinu.

Verðhækjun á vörum, sem ekki eru í visitölunni

Þá er því haldið fram í greinargerðinni, að seilzt sé eftir því að láta óhjákvæmilegar verðhækkanir koma á þær vörur einar, sem ekki eru í visitölunni. Því er til að svara að að svo miklu leyti sem petta kann að vera rétt, þá væri það ekki ný stefna heldur göm-

ul, og til orðin fyrir kröfu frá launþegasamtökunum um það að yfirvöldin haldi niðri verðlagi almennra nauðsynja, óháð því hvað líður framleiðslu, framboði, eftirspurn og viðskiptum milli þjóðanna, þ.e. í trássi við staðreyndir efnahagslífsins. En staðhafingin er samt ekki nema að litlu leyti rátt. Innflutningsréttindi bátaútvegsmanna (sem veitt hafa verið fyrst og fremst vegna sjómannanna) ná til vefnaðarvörunnar, og í vísitölunni felur fiskverðið í sér hið svo- nefnda bátaálag.

#### Kaupmáttur tímakaupsins

Í greinargerðinni er gerður samanburður á kaupmátti tímakaups verkamanns, sem vinnur fyrir Dagsbrúnarkaupi, eins og kaupmátturinn var í október 1947 og október 1952. Þessi samanburður er á fýmsan hátt villandi. Nær hann til 45 vörutegunda, en í vísitölunni eru um 85 tegundir, auk húsnæðis og ýmislegs fleira. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að allar vörurnar hafi fengið keyptar - og það í nægilegu magni - í október, 1947. En eins og flestum mun ljóst, þá er sitt-hvað verð á vörum, sem fast, og verðlagsákvæði um vörum, sem lítið fast af, nema ef til vill á svörtum markaði og þá með uppsprengdu verði. Það eru einkum innfluttu vörurnar, sem sýna að verkamaðurinn fái minna fyrir tímakaupið, þar sem þær hafa hækkað mest í verði. Til þess að menn geti sjálfir dæmt hvort árið launþegar muni hafa keypt meira af þessum vörutegundum 1947 eða 1952, eru töltur fyrir innflutning þeirra settar hér á eftir.

Tafla 1. Innflutningur

nokkurra vörutegunda, 1947 - 1952

tonn

	<u>1947</u>	<u>1948</u>	<u>1949</u>	<u>1950</u>	<u>1951</u>	<u>1952</u>
Burrkuð epli	4	3	2	5	41	38
Þurrkaðar apríkósur	23	1	3	51	59	15
Þurrkaðar sveskjur	293	35	13	10	273	381
Rísínur	749	218	23	716	253	283
Kakaó	46	47	41	50	139	51
Karlmannafataefni og annar ullarvefnaður	79	59	84	55	93	64
Garn úr ull og hári	12	23	34	30	46	54
Nærfatnaður	50	26	19	14	76	53
Sokkar	59	20	32	22	67	49
Skófatnaður úr leðri	118	94	53	35	69	44
" úr vefnaði	33	17	9	1	-	2
Gúmmistígvél	59	160	89	84	236	67
Skóhlífar	29	42	30	40	85	78
Annar skófatnaður	2	13	12	14	161	194

Tölurnar fyrir innflutninginn tvo seinstu mánuðina 1952 eru ástlaðar hlutfallslega jafnháar og aðra mánuði ársins. Mjög líkilegt er að tölurnar fyrir allt árið séu því of lágar, þar sem innflutningur þessara vara er venjulega mestur seinstu mánuði ársins.

Taflan sýnir svo ekki verður um villst að í flestum tilfellum hefir innflutningurinn 1951 og 1952 numið allmiklu meir en árið 1947. Einkum er aukningin mikil þegar borið er saman við árin 1949 og 1950.

Tafla 1 sýnir innflutning einstakra vörutegunda, sem nefndar eru í greinargerðinni. Tafla 2, sem hér fer á eftir, gefur hins vegar nokkru viðtakara yfirlit yfir innflutning neyzluvara þetta tilmabil.

Tafla 2. Magn Nokkurra Innfluttra Vörutegunda.

1946 - 1952

Vöruflokkur	1946		Meðaltal 1948-50 tonn		1951		Meðaltal 1951-52 tonn		Aukning 1951-52 miðað við 1948-50
	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn	
Avextir og ætar hnetur	3043	3669	1783	4550	4386	4468			151 %
Kakaó, kakaóvörur og krydd	390	214	182	279	158	219			20 %
Sápa og þvottaeftini	197	178	142	472	448	460			223 %
Hreinsunar- og fægi- efni	191	121	50	115	93	104			106 %
Garn og tvinni	137	83	235	269	144	207			- 12 %
Álnavara	972	901	691	1263	756	1009			43 %
Fatnaður úr vefnaði, hattar	408	246	87	149	107	128			48 %
Skófatnaður	383	263	248	370	266	318			28 %
Borðbúnaður og bús- áhlöld úr leir	149	142	211	241	201	221			5 %
Bússáhöld úr blikki	376	131	88	169	148	159			81 %
Hnífar, gafflar og skeiðar	33	18	15	26	17	22			47 %

Tölur fyrir innflutninginn 1952 voru aðeins fyrir hendi fyrir 9 fyrstu mánuði ársins. Hafa þær verið hakkaðar um 1/3, og er með því gert ráð fyrir, að innflutningurinn dreifist jafnt á alla ársfjórðunga. Sterkar líkur eru á því, að innflutningurinn sé með þessu vantalinn, þar sem vörur þær, er hér um ræðir munu einkum vera fluttar inn síðasta ársfjórðunginn. Þannig var t.d. fluttur inn fatnaður árið 1951 fyrir 12,3 m.kr. fyrstu þrjá ársfjórðungana, en fyrir 9,3 m. kr. síðasta ársfjórðunginn.

Það er skakkt að vörutegundir, sem nefndar eru í greinargerðinni, séu allt vístöluvörur. Nokkrar fleiri villur og missagnir eru í upplýsingum hennar. Skal hér leiðrétt aðeins ein. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Framleiðsluráðs Landbúnaðarins var tryppa- og folaldakjöt selt í október, 1947, sem súpkjöt á kr. 5,25 pr.kg. í smásölu, en venjulegt hrossakjöt í súpu á kr. 7,80 - 8,50 í smásölu í október 1952. Hinsvegar voru buffstykki þá seld á kr. 18,00 pr. kg. (verð það, sem talið er í greinargerðinni).

#### Kaupgreiðsluvísitala eða framfærsluvísitala

Verölag landbúnaðaráfurða er ákveðið með samningum, sem launþegar þejanna ráða mestu um auk bandanna sjálfrar. Verðhækjun land-

búnaðarafurðanna er að langmestu leyti samræmingarkauphækjun hjá bændum. Meðan ekki er viðurkennd nein afkastaaukning í sveitunum, eða nágildandi verögrundvelli breytt, geta launþegar þeirra ekki aukið kaupmátt tímakaupsins gagnvart landbúnaðarafurðum. Því harra kaupgjald sem launþegarnir fá, því harri verður samræmingarkauphækjun bænda og þar með afurðaverðið.

Þegar gengislækkunarlögin voru sett, var því ekki mótmælt að ákvæðið um kaupgreiöslur samkvæmt kaupgreiösluvísítölu teki versta skrifuganginn úr hækjun verölags og kaupgjalds, þ.e. að þau komu í veg fyrir að launþegarnir fengju launahækjun vegna hækjunar á eigin kaupi.

Rétt er og að benda á það, að bilið milli framfærsluvísítölu og kaupgreiösluvísítölu er stærst að haustinu. Haldi vísitalan áfram að hækka, minnkari bilið hlutfallslega eftir því sem líður á verölagsárið.

Hækjun kaupgjalds samkvæmt framfærsluvísítölunni, eins og landbúnaðarverðið í henni er til komið. Þýðir að fái launþeginn launahækjun samkvæmt henni, þá fær bóninn næsta haust tilsvarandi herra afurðir verð fyrir/sínar, launþeginn svo tilsvarandi herra kaup, og svo koll af kolli. Með hliðsjón af því að launþegar telja sig réttilega hafa hag af fleiru en herra kaupgjaldi, þá hljóta allir skynsamir menn að sjá, að eins og framfærsluvísitalan er gerð, þá er kaupgreiösla samkvæmt henni hrein fávizka. Eini vinningurinn við slíkt fyrirkomulag byggist á því sem launþegar og bændur taka í sameiningu af útflutningsframleiðslunni. En öllum er fullljóst að engar greinar hennar þola þyngri byrðar eins og nú er ástatt.

#### þróun kaupgjalds og verölags

Til frekari skilningsauka á þróun verölags og kaupgjalds, frá

1939 til 1952, vísast til meðfylgjandi línurits.

- Línurit -

Skyrningar við línurit:

1) Malikvaröinn er prósentur og er breytingin miðuð við mán-  
uinn næst á undan. Þetta er gert vegna þess hve skekkjan vex ört  
begar mealt er í stigum. Þannig er breytingin á vísítölju frá 400 til  
500 (100 stig) aðeins jöfn breytingu frá 100 til 125 (25 stig).

2) Malikvaröinn til hægri er fyrir verzlunarkjörin (1935=100),  
en þau eru hlutfallið milli verðlags útflutnings og verðlags innflut-  
ningsins. Malikvaröinn til vinstri er fyrir kaupgjaldið og vísítöl-  
urnar (1939 = 100). Kaupgjaldið er almennur dagvinnutaxti hjá Dags-  
brún.

3) Merkið 0 sýnir framfærsluvísítöluna í desembermánuði áranna  
1943 - 1949 samkvæmt leiðréttингum Jónasar Haralz. Núgildandi fram-  
færsluvísitala er í eðli sínu framhald þeirrar vísítolu.

Línuritið sýnir að síðari hluta árs 1942 stórhækkar kaupgjald  
og verðlag, hið síðara þó langtum minna. Frá því fyrir strífð og til  
ársins 1941 hafði útflutningsverölagið þrefaldast, en innflutnings-  
verölagið aðeins tvöfaldast. Tröppurnar neöst á línuritinu sýna hlut-  
fallið milli verðlags útflutnings og verðlags innflutnings (verzlunark-  
jörin). Það er fyrst og fremst þessi hagstæða breyting verzlunark-  
jaranna, sem olli hækjun raunverulegs kaupgjalds hjá launþegunum.  
Auk þess var mikil og jöfn atvinna.

Ef litið er á vísítolu framfærslukostnaðar og kaupgjaldið í  
línuritinu, þá virðist/sú hlutfallslega hækjun, sem orðin er á  
kaupgjaldinu snemma á árinu 1944, haldist nokkurnveginn fram að geng-  
islakkuninni í marz, 1950. En þetta er ekki rétt. Samkvæmt álits-  
gerð nefndar þeirrar, er skipuð var haustið 1948 af Alþýðusambandinu  
og ESRB og áður hefir verið minnst á, var "skekkjan" í vísítolumni  
í árslok 1943 orðin 15 stig; 1944, 20 stig; 1945, 55 stig; 1946, 70  
stig; 1947, 75 stig; 1948, 80 stig; 1949, 90 stig. Frá 1942 og  
fram til 1950 er vísitala framfærslukostnaðarins - eins og hún er

sýnd á línuritinu - of lág. Merkið O sýnir þessar leiöréttigar.

Það er tvennt, sem gerir að kaupmáttur launanna var í rauninni minni en samanburður á kaupgjaldi og framfærsluvísítölu á línuritinu gefur til kynna. Annað er "skekjkjurnar" í visitölunni, hitt er vöruskorturinn og svartamarkaðsverðið. Í visitölunni er ávalt reiknað með svokölluðu "löglegu" verði á vörunni. Þetta er það verð, sem löglegt væri að selja vöruna á, væri hún fáanleg. Má gera ráð fyrir því, að af þessum ástæðum sé framfærsluvísitalan óeöllilega lág, þannig að raunveruleg kjararýrnun hafi átt sér stað á árunum 1946 - 50 umfram það sem hin leiöréttta sýnir (samanber O). Það ástand ríkti í viðskiptamálum frá því seint á árinu 1947 og fram á mitt'ar 1951 að margar vörutegundir voru ófáanlegar á löglegu verði eftir venjulegum verzlunarleiðum, þannig að ekki var unnt að útvega ýmsar nauðsynjar til heimilanna nema með ærnum aukakostnaði og fyrirhöfn, svo sem með því að standa lengi í biðröðum, kaupa þær á svörtum markaði, o.s.frv. Þetta var aukin dýrtíð, þótt hún kemmi ekki fram í visitölu framfærslukostnaðar.

Sé litið á kaupgjaldspróúnina frá 1939 og þangað til gengislækkunarlögin voru sett í marz 1950, þá sést að kaupgjaldið hjá verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík hafði hækkað úr kr. 1,45 í kr. 9,24 um tímann. Samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands var vísitalan fyrir kaupgjaldið 1. marz 1950, 637 (janúar -marz, 1939 = 100 ). Kaupgjaldið hafði því meir en sexfaldast frá því fyrir strið. Vísitala framfærslukostnaðar 1. marz 1950, var hinsvegar 355. Með því að leiöréttta fyrir kjötverðinu (kjötverðið næstum tvöfaltað) hækkar sú vísitala í 382. Þessi vísitala hefir verið birt fyrir flesta mánuðina í Þjóðviljanum, og verður því héreftir kölluð "vísitala Þjóðviljans". Sé húsnæðisliðurinn einnig leiöréttur og húsa-leigan í húsum fullgerðum eftir 1945 tekin, þá var vísitalan í

marz 1950, 459. Þegar leiðrétt hefir verið fyrir kjötveröinu og hærri húsaleigan eingöngu tekin (því sleppt að sumir bjuggu við lægri húsaleigu) þá fáum við þessa tölu fyrir marz, 459. Samkvæmt þessari visitölu hækkaði því framfærslukostnaðurinn úr 100 uppi 459 á tímabilinu frá 1939 til 1950, en kaupgjaldið úr 100 uppi 637. Kaupgjaldið hækkaði því um 39% meira heldur en sem svaraði hækkuninni á framfærslukostnaðinum þetta tímabil. Hér er þó kjötstyrknum sleppt, og reiknað með því að allir launþegar greiði húsaleigu í húsum fullgeröum eftir 1945.

Það gefur þess vegna naumast rétta hugmynd um þróunina þetta tímabil, að segja - eins og oft er gert - að kaupgjaldið hafi miðast við visitöluna 300 í marz 1950, þegar gengislækkunin varð, Eins og við sjáum, þá hafði kaupgjaldið ekki prefaldast, heldur meira en sexfaldast frá því fyrir stríð.

Í rauninni er það heldur ekki sátt að segja að þegar gengislækkunin varð, þá hafi kaupgjald verið greitt samkvæmt visitölu 300. Voríð 1949 varð almenn kaupgjaldshækjun um allt land, sem nam 10%. Þetta jafngilti því að kaupgjald væri greitt samkvæmt visitölu 330.

Eins og áður hefir verið bent á, þá er framfærsluvísitalan 1943 - 1949 of lág, borið saman við tímabilin á undan og eftir. Vísitala framfærslukostnaðar, sem sýnd er á línumritinu fyrir 1950 - 1952 er hin leiðréttá vísitala. Kaupgreiðsluvísitalan er liftið eitt lægri. Fyrir neðan hana er "gamla" vísitalan, þ.e. vísitala sem var í gildi fyrir gengislækkunina, leiðrétt fyrir kjötveröinu. Hún er sú vísitala, sem birtist venjulegast í Þjóðviljanum, og hér því nefnd "vísitala Þjóðviljans."

#### Verzlunarkjörin og fleira

Breyting verzlunarkjaranna er sýnd á línumritinu. Árin 1940 - 1942 voru verzlunarkjörin mjög góð, eins og áður hefir verið minnst á.

Verðlag útflutningsins var hlutfallslega hátt. Siðan verða þau aftur mjög hagstæði árin 1946 og 1947. En siðan 1946 hefir þeim hrakað um 30%. Að siðastliðnu ári munaði þessi óhagstæða breyting þjóðina því, að hún fekk sem svaraði 316 m.kr. minna fyrir útflutninginn. Þetta hefir hert að efnahag þjóðarinnar á undanförnum árum, meira en nokkuð annað. En til viðbótar hefir tvennt annað lagst á herðar þjóðinni. Annað er síldarleysið. Hitt eru hinarr miklu og kostnaðarsömu verklegu framkvæmdir.

#### Auknar tekjur

Þrátt fyrir þessa þróun ber enginn á móti því, að kjör launþega séu að mun betri nú en fyrir strið. Hinsvegar er í greinargerðinni talað um bráða nauðsyn aukinna tekna til handa launbegum. Kemur hér fram sem oftar sú skoðun, að launþegarnir geti skammtað sér hærri raunverulegar tekjur með fundarsamþykktum og verkföllum. Engin tilraun er samt gerð til þess að sýna hvaðan þar auknu tekjur ættu að koma. Þá er enn fremur krafa um styttingu vinnutímans, sem getur naumast orðið til að auka þjóðartekjurnar eins og nú er ástatt. Krafan um auknar tekjur vegna erfiðra lífskjara annarsvegar og krafan um stytti vinnutíma og lengra sumarfrí hinsvegar, fara ekki vel saman.

Það er viðurkennt í greinargerðinni að vinnuafköst þjóðarinnar hafi "margfaldast á seinstu árum og áratugum með vaxandi takni." Þetta er að mestu leyti rétt, nema hvað ekki er minnst á þátt skipulagsstarfseminnar í framleiðslu og viðskiptum. Það liggur því beint við að álykta að það sé launþegunum mikið hagsmunamál að gera ekki ráðstafanir sem truflí þessa þróun. Það er sifelt verið að hleypa af stokkunum nýjum fyrirtækjum, jafnvel nýjum framleiðslugreinum. Hlöð eina, sem nú virðist takmarka sliðar framkvæmdir hér á landi, er skortur á nægilegu fjármagni. Fjöldinn allur af framleiðslumöguleikum er ekki nýttur vegna skorts á fjármagni. En það er fyrst og

fremst tekjuafgangur fyrirtækjanna, sem ræður því hve mikil er lagt í ný fyrirtæki árlega.

#### Atvinnuleysi og kaupgjald

Þjórfélagið byggist á frjálsu samkomulagi milli launþeganna og eiganda atvinnutækjanna um nýtingu þeirra. Launþeginn getur með samgirni sett fram tvar kröfur: um tiltekið kaupgjald og nægilega atvinnu. En vilji hann fá atvinnu, verður hann að sætta sig við það kaupgjald, sem framleiðslan þolir, sem ákvarðast fyrst og fremst af því verömöti, sem fast fyrir það sem hann framleiðir. Vilji hann ekki vinna nema hann fái tiltekið kaupgjald, kann hann að verða að sætta sig við atvinnuleysi. Það er ekki aðeins ósamngirni heldur andstætt allri skynsemi, að menn geti fastáktveðið eitthvert handahófskennt kaupgjald og sett síðan fram kröfur um það að aðrir tryggi þeim atvinnu.

Það sem fyrst og fremst ákveður það verð í íslenzkum krónum, sem útflyttjendur fá fyrir afurðir sínar, er gengi íslenzku krónunnar. Eins og stendur verða þeir sem framleiða vöru til útflutnings (jafnt og aðrir framleiðendur) að greiða kaupgjald, sem er 60 - 100 % herra en keppinautar þeirra hjá helztu viðskiptapjóum okkar í Evrópu. Það liggur því í augum uppi að atvinnulífið og fjárhagskerfið þolir ekki hækkan kaupgjalds og framleiðslukostnaðar.

#### Stöðvun verðhækkanarinnar

Eftir meiri og minni verðhækkanir undanfarin 12 ár, hefir verðlagið nú að mestu stöðvast. Þetta sést af athuguð er breyting visitölunnar síðan í marz, 1950.

Tafla 3. Hækkun Verðlagsins

	Marz 1950 -marz 1951	Marz 1951 -marz 1952	Marz 1952 -nóv. 1952 (8 máñ.)
Vísitala framfærslukostnað-			
ar	+ 32 %	+ 18 %	+ 4 %
Kaupgreiðsluvíositala	+ 23 %	+ 20 %	+ 3 %

Það er eftirtektarvert að kaupgjaldið hækkaði meira á tíma-  
bílinu marz, 1951 til marz, 1952, en sem svaraði hækkun framfærslu-  
víositölunnar. Þetta stafar af því að bóninn fær sína hækkun að  
haustinu. Síðan fær launbeginn hækkun næstu 12 mánuði, haldi vísi-  
talan áfram að hækka, þannig að raunverulegt bil milli framfærslu-  
víositölunnar og kaupgreiðsluvíositölunnar lekkar smáum saman fram til  
næsta hausts. Bilið er sterst að haustinu, en fer svo minnkandi.

Taflan sýnir enn fremur, að seinustu 8 mánuðina hefir verðlag  
og kaupgjald breytzt mjög lítið, og nær eingöngu vegna hækkunar á  
landbúnaðaráfurðum. Það er því erfitt að skilja að launþegasamtökini  
skuli vilja hrinda fjárhagskerfinu út í hringiðuna á nýjan leik, því  
eftir reynslu undanfarinna ára geta þau naumast haldið að afleiðing-  
arnar verði launþegunum í hag.

Eskan og atvinnan

Dýrtíðin veldur taprekstri og minni sparifjársöfnun. Hvert-  
tveggja lamar getuna til nýrra framkvæmda. Verklegar framkvæmdir  
auka atvinnuna og leiða til aukinna afkasta í atvinnurekstri, auk  
pess auðvelda þær eskunni inngang í atvinnulífið. Ennfremur er  
bygging íbúðarhúsa brýn nauðsyn vegna unga fólksins, sem vill stofna  
heimili. Almenn hækkun kaupgjalds, sem hefir í för með sér tap-  
rekstur og atvinnuleysi, er því ekki leiðin til þess að skapa unga  
fólkini bjartari framtíð.

### Hið almenna vandamál

Er hægt að bæta lífskjörin með almennri hækjun kaupgjalds við núverandi aðstæður? Þessari spurningu hefir undanfarið margsinnis verið svarað á þá leið, að þetta sé ekki hægt. Almennar hækkanir geta verið neyðarúrræði á tímum þegar verölag hækkar mikið vegna utan að komandi áhrifa, áhrifa sem ætti að stemma stigu fyrir með öðrum aðferðum, t.d. gengishækjun, eða ef verölag hækkar vegna dýrtíðaráhrifa of mikillar fjárfestingar. En herra kaupgjald getur ekki komið í stað framleiðslu og askilegrar lækkunar á verölagi innfluttra vara eða hækjunar á verölagi útfluttra vara. Raunverulegar tekjur launþega hækka ekki með fundarsamþykktum, jafnvel þótt atvinnurekendurnir skrifi undir þær.

Launþegasamtókin hljóta að hafa gert sér einhverja grein fyrir því, hvar eigi að taka auknar tekjur. Það er auðvelt að sýna fram á að ekki verður með neinni skynsemi gert ráð fyrir meiri innflutningi. Í ár hafa nú þegar verið fluttar törlur inn fyrir um 160 milj. króna meira en út (FOB). Hækjun kaupgjaldsins myndi ef til vill í bili auka neyzluna á kostnað fjárfestingarinnar. Innflutningur neyzluvöru gæti þá aukizt um hríð, en innflutningur vegna verklegra framkvæmda minnkaði að sama skapi. Fjárhagslega myndi þetta gerast með auknum taprekstri atvinnuveganna og minni afskriftum, meiri eyðslu og minni sparifjársöfnun.

Tækist að halda áfram verklegum framkvæmdum yrði það ekki gert nema með meira erlendu fé. Við yrðum að fá meiri gjafir eða lán erlendis frá. Væri þeð ekki hægt, yrðu framkvæmdirnar að dragast saman vegna minni fjárhagsgetu.

### Ódýrar "kjarabætur"

Raddir hafa komið fram um lausn núverandi deilu með ódýrum "kjarabótum", svo sem auknu verölagseftirliti, til þess fyrst og

fremst að koma í veg fyrir að vísitalan hækki, án þess þar fyrir endilega sé/komið í veg fyrir aukna dýrtið (sem getur komið fram sem vöru-skortur, svartur markaður eða hækkun á verði vörutegunda, sem ekki eru í vísítölunni). Slíkar ráðstafanir eru líklegar til þess að valda truflun á hagkerfinu og auk þess verða á kostnað launþega þegar frá líður, að svo miklu leyti sem þær næðu tilgangi sínum.

Aukið vöruframboð og afnám verðlagseftirlits hefir aukið frjálsræði og samkeppni í verzluninni öllum til hagsbóta. Samkeppnin er bezta verðlagseftirlitið. Útsölnnar og hin nýju pöntunararfélög tala sínu máli.

#### Niðurlag

Athugasemdum þessum má ljúka með eftirfarandi ályktun, sem birt var í Aliti samstarfsnefndar ASÍ og BSRB, 1950 (bls. 52):

"Í stuttu máli má segja, að eins og viðhorfið er nú í íslensku þjórfélagi, séu almennar kauphækkanir ekki vænleg leið til kjarabóta fyrir launþega. Það, sem mestu ræður um slíkar kjarabætur, eru teknilegar, stjórnmálalegar og félagslegar aðstæður, sem launþegasamtökun aðeins geta haft óbein áhrif á. Miklar almennar kauphækkanir hafa einnig í för með sér alvarlegar truflanir á starfsemi efnahags-lífsins og síaukna verðmætisrýrnun sparifjár, afleiðingar, sem launþegasamtökun geta ekki látið hjá líða að taka tillit til, er þau marka stefnu sína."

25. nóvember 1952